

Umsögn Ungheilla og Reykjavíkurráðs ungmenna
við reglugerð um sírabann
Mál nr. S-99/2026 í samráðsgátt

Undanfarin ár hafa stjórnvöld kallað eftir skoðunum ungmenna. Okkur er boðið á fundi, vinnustofur og ráðstefnur þar sem er sagt að rödd okkar skiptir máli. Við leggjum okkur fram, undirbúum okkur og komum með tillögur en þegar það kemur að ákvörðun virðast samtölin tilgangslaus.

Fyrir stuttu tókum við ásamt öðrum ungmennaráðum og nemendum úr grunnskólum þátt í vinnustofu um sírabann og aldurstakmörk á samfélagsmiðlum. Þar komu fram fjölmargar hugmyndir, ábendingar og sjónarmið frá þeim sem þessar reglur munu hafa bein áhrif á. Samt virðist það ekki hafa verið tekið til greina í reglugerðinni.

Fræðsla: Fólk fattar ekki að símafíkn er fíkn. Það þarf að fræða ungmenni um afleiðingar og áhrif samfélagsmiðla og áreiti þeirra. Til dæmis þarf að kenna krökkum að ekki deila persónulegum upplýsingum á netinu, að slökkva á tilkynningum þegar maður er í kennslustund eða í vinnu og almennt hvernig á að nota tækni. Ef börn eru ekki frædd um tæki og samfélagsmiðla þá fara þau inn í framtíðina án þess að vita hvernig tæknin virkar og áhættur hennar.

Afbreyting: Algjöru sírabanni myndu fylgja miklar breytingar og þess vegna leggjum við til að hafa afbreytingu í boði í staðinn. Margir skólar bjóða ekki upp á afbreytingu og skilja síðan ekkert af hverju nemendur eru í símanum. Það ætti að hafa bókasafnið opið í frímínútum. Hafa ping pong borð og púsluspil og spil.

Ábyrgð á tækjum: Snjallsímar eru oft dýrustu hlutirnir sem nemendur eiga. Það er mjög slæmt ef tækin eru tekin og geymd í læstum skáp hjá skólanum án þess að sé skýrt hver beri ábyrgð á þeim ef þau til dæmis skemmast eða er stolið.

Sveigjanleiki: Á meðal tillagna sem voru lagðar fram í vinnustofunni var að það ætti aðeins að banna tækin í kennslustundum og þess vegna kemur á óvart að reglugerðin tali um að banna tækin algjörlega á skólatíma.

Hérna að framan höfum við bent á að það þurfi sveigjanlegar reglur frekar en algjört sírabann og ætti frekar að efla forvarnir gegn tækjum, koma með afbreytingu til að gera í staðinn og að það er mjög svo mikilvægt að fræða börn um alvarleika tækjafíknar. Þetta eru atriði sem voru mjög skýr í umræðu á vinnustofu með ráðuneytinu en eru ekki notuð í reglugerðinni. Við leggjum til að þær verði innleiddar inn í reglugerðina. Það er virðing við börn sem hafa undirbúið sig mikið fyrir vinnustofuna að innleiða punktana sem þau koma með. Sérstaklega þar sem þetta var lagt fyrir fjölmiðla sem samráð við ungmenni.

Virðingarfullt,
Ungheill - ungmennaráð Barnaheilla og Reykjavíkurráð ungmenna